

Nr. 19.

31. júlí 1970.

A U G L Ý S I N G

um alþjóðasamning um hleðslumerki skipa.

Hinn 24. júní 1970 var aðalritara alþjóðasiglingamálstofnunarinnar afhent aðildarskjal Íslands að alþjóðasamningi um hleðslumerki skipa, sem undirritaður var í London hinn 5. apríl 1966. Gildistaka samningsins fyrir Ísland miðast við 24. september 1970.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 31. júlí 1970.

Emil Jónsson.

Pétur Thorsteinsson.